


# Ársskýrsla

## Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum 2016



# Efnisyfirlit

I. Ársskýrsla – inngangur .....	3
II. Nafn og stjórn .....	3
Stjórn RHLÖ: .....	3
III. Húsnæði RHLÖ.....	4
IV. Fundir .....	6
V. Verkefni ársins.....	6
VI. Vísindasjóður RHLÖ.....	7
VII. Fræðslunefnd RHLÖ .....	7
Fræðslufundir: .....	8
VIII. Styrktaraðilar.....	8
IX. Vísindavirkni .....	10
X. Viðaukar: .....	10
Viðauki 1 – Stofnskrá RHLÖ.....	11
Viðauki 2 – Fræðslufundir RHLÖ .....	13
Viðauki 3 - Málþing RHLÖ .....	15
Viðauki 4 - Vísindadagur RHLÖ .....	19
Viðauki 5 – SPRINTT Evrópurannsókn .....	21
Viðauki 6 - Vísindavirkni.....	22
Verkefni unnin innan RHLÖ .....	22
Styrkir .....	23
Helstu samstarfsaðilar í rannsóknum.....	24
Viðurkenningar .....	25
Ritstjórn ritrýndra fræðarita.....	25
Ritverk –bækur eða bókakaflar .....	25
Ritverk- vísindagreinar í ritrýndum innlendum tímaritum.....	25
Ritverk – vísindagreinar í ritrýndum erlendum tímaritum .....	25
Önnur ritverk.....	25
Fyrirlestrar á íslenskum ráðstefnum og þingum .....	28
Fyrirlestrar á alþjóðlegum / norrænum ráðstefnum og þingum .....	28
Veggspjöld – ágríp sýnd á íslenskum ráðstefnum og þingum.....	<b>Error! Bookmark not defined.</b>
Veggspjöld sýnd á alþjóðlegum / norrænum ráðstefnum og þingum .....	28
Seta í nefndum eða stjórnnum.....	30

## I. Ársskýrsla – inngangur

Starfsemi Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala háskólasjúkrahúss (RHLÖ) er samkvæmt stofnskrá RHLÖ (sjá viðauka 1). Megin hlutverk rannsóknastofunnar er að vera miðstöð í öldrunarfræðum og skapa aðstöðu til rannsókna, styðja við rannsóknir og fræðslu auk þess að stuðla að samvinnu og samstarfi fræðimanna og Landspítala (LSH) sem tengjast öldrun.

Árið 2016 var starfsemin metnaðarfull og stöðugt leitast við að efla bæði vísindalega virkni og kynningarstarf. Í eftirfarandi skýrslu er starfsemi RHLÖ gerð skil. Fjallað er um þau verkefni sem rannsóknarstofan stóð að, hvort heldur að eigin frumkvæði eða sem samstarfsaðili. Það er von stjórnar RHLÖ að skýrslan upplýsi lesendur um starfsemi rannsóknarstofunnar.

## II. Nafn og stjórn

Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum - skammstafað RHLÖ.

### Stjórn RHLÖ:

Fyrsta starfsár nýrrar stjórnar var 2016, en stjórnin var skipuð í október mánuði 2015.



Mynd 1. Starfsmaður og stjórn RHLÖ - Ólöf Guðný Geirsdóttir, Kristín Björnsdóttir, Jón Eyjólfur Jónsson, Pálmi V Jónsson, Sigurveig H Sigurðardóttir, Aðalsteinn Guðmundsson & Ása Guðmundsdóttir

### Stjórn var skipuð eftirfarandi fulltrúum:

Pálmi V. Jónsson, formaður – fulltrúi HVS, Læknadeildar HÍ.

Sigurbjörg Hannesdóttir – fulltrúi Öldrunarfræðafélags Íslands.

Ása Guðmundsdóttir – fulltrúi LSH

Kristín Björnsdóttir - fulltrúi HVS, Hjúkrunarfræðideildar HÍ.

Sigurveig H. Sigurðardóttir – fulltrúi Félagsvísindasvið HÍ

Jón Eyjólfur Jónsson- Fulltrúi LSH

Aðalsteinn Guðmundsson – Fulltrúi Félags Íslenskra öldrunarlækna

## Starfsmaður

Ólöf Guðný Geirsdóttir verkefnastjóri

### III. Húsnæði RHLÖ

Húsnæði RHLÖ er staðsett á Landakot fimmtu hæð (L-5). Síðan að RHLÖ hefur flutt á L-5 hefur verið töluverð endurnýjun verið gerð á húsnæðinu. Á árinu 2016 var hitakerfi lagað, loft endurnýjuð vegna töluverðs leka sem varð vegna bilunar í hitavatnskerfi og austur endi deildarinnar endurnýjaður, gluggar, hurðar og svalir. Auk þessa var dittað að steypuskemmdum og reynt að koma í veg fyrir vatnsskemdir og leka á suðurhlíð deildarinnar. Gardýnur voru endurnýjaðar í austurenda enda þar komnir nýjir gluggar ásamt því að skrifstofur á suðurhlíð fengu nýjar gardýnir til að útiloka sól sem er erfið á björtum dögum.

Aðstaða á RHLÖ er í öllum tilfellum tímabundinn og er gerður samningur við hvern og einn hvað varðar not á skrifstofuaðstöðu. Við doktorsnema á styrkjum frá sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala er gerður þriggja ára samningur en þó með þeim fyrirvara um framvindu verkefnis. Aðrir sem nýta aðstöðu RHLÖ eru á tímabundnum samningi vegna verkefna sem verið er að vinna að í tengslum við öldrunarrannsóknir



Mynd 2 Berglind María Jóhannesdóttir, doktorsnemi. Vel klædd við vinnu þar sem veturinn 2016 og reyndar 2015 voru mjög kaldir.

#### **Eftirfarandi er herbergiskipan á RHLÖ:**

**Deildarstjóraherbergi - Skrifstofa RHLÖ – Dr. Ólöf Guðný Geirsdóttir, verkefnastjóri**

**Ritaraaðstaða fyrir framan vakt - Upplýsinga- og tæknisvið LSH**

**Vakt herbergi – Fundarherbergi með skjávarpa**

**Herbergi 9 – Dr. Milan Chang, faraldsfræðingur. Tímabundinn samningur til eins árs. Var á sex mánaða tímabili í Sal B ásamt Hrafnhildi Eymundsdóttur vegna viðgerða á austur enda húsnæðisins.**

**Herbergi 8** – *Dr. Alfons Ramel*, næringarfræðingur. Tímabundinn samningur til eins árs. Viðgerðum á herbergi 8 lauk snemma árs 2017 og hefur verið breytt í tveggja manna skrifstofu fyrir doktorsnema.

**Herbergi 7** – *Berglind María Jóhannesdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er Hrefna Guðmundsdóttir sérfræðilæknir. Berglind fór í fæðingarorlof haust 2016 þannig að Alfons Ramel flutti yfir á þá skrifstofu vegna viðgerða á herbergi 8.

**Herbergi 6** – *Sigrún Sunna Skúladóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er prófessor Þórhallur Ingi Halldórsson hjá Matvæla- og næringarfræðideild HÍ.

**Herbergi 5** – *Hassan Bahaloohoreh*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er prófessor Benedikt Helgason hjá ETH í Sviss. Vinnur núna í gögnum vegna doktorsverkefnis á Hjartavernd frá áramótum 2016/17

**Herbergi A** – *Unnur Diljá Teitsdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er Jón Snædal yfirlæknir

*Anný Rós Guðmundsdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er Margrét Birna Andrésdóttir sérfræðilæknir. Fór í fæðingarorlof haustið 2016.

*Katrín Sif Kristmundsdóttir*, næringarfræðingur á Landakoti situr tvo daga í viku þar sem verið er að endurskipuleggja skrifstofur og annað fyrir stoðþjónustu við Landakot.

*Aníta Sif Elíadóttir*, næringarfræðingur og verkefnastjóri verkefnisins „Áhrif blóðrúþangs á blóðsykurstjórnun eldra fólks“.

**Herbergi B** – *Hrafnhildur Eymundsdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er Milan Chang, lektor hjá HR. Fór í fæðingarorlof haust 2016.

*Vilborg Kolbrún Vilmundardóttir*, MS nemi í klínískri næringarfræði. Vinnur að verkefninu „Næringarástand hjartabilunarsjúklinga – færni & líðan“. Útskrift vor 2017

*Berglind Soffía Blöndal*, MS nemi í klínískri næringarfræði. Vinnur að verkefninu „Næringarástand aldraðra sem útskrifast heim frá öldrunardeild“. Útskrift vor 2017

**Herbergi 4** – *Bergþóra Baldursdóttir*, doktorsnemi á þriggja ára doktorsstyrk frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala. Leiðbeinandi er Ella Kolbrún Kristinsdóttir dósent erimitus frá HÍ.

**Herbergi 3** – Upplýsinga- og tæknisvið LSH

**Herbergi 2** – Upplýsinga- og tæknisvið LSH

**Herbergi 1** - Upplýsinga- og tæknisvið LSH

## IV. Fundir

Stjórnarfundir voru að jafnaði haldnir einu sinni í mánuði, þó með hléi yfir sumarmánuðina. Auk þess var haldið áfram að vinna að framtíðarsýn rannsóknarstofunnar.

## V. Verkefni ársins

1. Fimmtudagsfræðsla var haldin mánaðarlega, bæði vor og haust (sjá viðauka 2) nánar um fimmtudagsfræðsluna hér fyrir neðan undir Fræðslunefnd).
2. Málþing var haldið með yfirskriftinni „*Næring - er það eitthvað sem skiptir aldraða máli?*“ þann 6. október ásamt Rannsóknarstofu í næringarfræði. Málþingið var styrkt af IcePharma. Dagskrá og samantekt frá málþingi má sjá í viðauka 3.
3. Vísindadagur RHLÖ var haldinn 28. október í Hringisal húsnæði Landspítalans við Hringbraut. Yfirskrift dagsins var *Öldrunarþjónusta – frá Landspítala og heim*. Samantekt og dagskrá í viðauka 4.
4. Fyrsta föstudag hvers mánaðar eru haldnir deildarfundir með öllum sem þiggja aðstöðu á RHLÖ. Fundirnir eru haldnir í fundarherbergi L5 kl. 9-10. Fundirnir falla niður yfir sumarmánuðina.
5. Þriðja föstudag hvers mánaðar kl. 9-11 eru greinarfundir. Doktorsnemar halda utan um fundina og koma með greinar eða annað t.d. stór gagnasöfn, tölfræðileg úrvinnsla, uppsetning veggspjalda og fyrirlestra sem tengist þeirra doktorsnámi sem er ræddr á þessum fundum. Allir sem hafa áhuga eru velkomnir og mega taka þátt í þessum fundum.
6. Heimasíða RHLÖ innan LSH var endurskoðuð og er komin með nýtt vef fang. Slóðin er <http://www.landspitali/rhlo.is>
7. Síða á Facebook var stofnuð þar sem viðburðir innan öldrunar eru auglýstir ásamt öðru markverðu, bæði innan lands og utan. Sóðin er <https://www.facebook.com/Oldrunarfraedi/>
8. Húsnæðismál RHLÖ, unnið var að áframhaldandi úrbótum á húsnæði RHLÖ.
9. Meistaránám í öldrunarfræðum í samstarfi við Endurmenntun HÍ
10. Tveir doktorsnemar fengu fengu aðstöðu á RHLÖ en þeir fengu doktorsstyrki til þriggja ára frá Styrktarsjóði Sjálfseignarstofnunar St. Jósepsspítala.
11. Undirbúningur fyrir þátttöku í SPRINTT evrópurannsókn ([www.mysprint.eu](http://www.mysprint.eu)), sjá viðauka 5

## VI. Vísindasjóður RHLÖ

Megin markmið sjóðsins er að efla RHLÖ. Stjórn sjóðsins er heimilt að styrkja hvert það verkefni sem hún telur efla og gagnast rannsóknum í öldrunarfræðum. Sjóðurinn starfar samkvæmt skilmálum Dómsmálaráðuneytisins um slíka sjóði. Skrifstofa fjárreiðna og upplýsinga á LSH annast fjárreiður og bókhald sjóðsins f.h. sjóðsstjórnar og skulu reikningar hans endurskoðast af ríkisendurskoðun. Sjóðurinn tekur við framlögum frá einstaklingum og fyrirtækjum en einnig eru gefin út minningarkort á vegum sjóðsins.

Vísindasjóðurinn styrkti Vísindadag RHLÖ sem var haldinn var 06. október um kaffi og veitingar til fundargesta.

## VII. Fræðslunefnd RHLÖ

Guðlaug Þórsdóttir, öldrunarlæknir - formaður

Ása Guðmundsdóttir, sálfræðingur

Ásta Guðmundsdóttir, félagsráðgjafi

Guðrún Dóra Guðmansdóttir, sérfræðingur í öldrunarhjúkrun


Helstu verkefni Fræðslunefndar er að skipuleggja fimmtudagsfræðslu RHLÖ og Vísindadag RHLÖ. (sjá viðauka 2 & 4 ) Fræðslunefnd hittist að jafnaði, mánaðarlega til að skipuleggja dagskrá fræðsluerinda. Haustönnin, fram að Vísindadegi er helsta vinna fræðslunefndar er að undirbúa Vísindadag RHLÖ og vorönn næsta árs. Á vorönn er fimmtudagsfræðsla haustannar skipulögð.

Á vísindadegi RHLÖ var fjallað um þjónustu við aldraða - frá LSH og heim. Var dagurinn styrktur af Vísindasjóði RHLÖ. Fjarfundakerfi LSH var notað þar sem sendur var út „linkur“ með dagskrá sem var vel nýttur. Þannig að allir sem höfðu aðgang að nettengdri tölvu gátu fylgst með erindum dagsins, bæði innan LSH og utan.



Mynd 3 Jóna Þórsdóttir, fjallar um Music therapy á Fimmtudagsfræðslu





Mynd 4 Meðaltal þeirra sem sóttu fimmtudagsfræðslu RHLÖ 2004 til 2016

### Fræðslufundir:

Fræðslufundir fræðslunefndar RHLÖ voru haldnir á fimmtudögum kl. 14:45 – 16:00 í kennslusalnum á 6. hæð á Landakoti. Þar sem að 7. hæðin á Landakoti var lokuð vegna lagfæringa var ekki hægt að senda út fræðsluerindin. Að jafnaði mættu 20-30 manns á fimmtudagsfræðsluna. Þrátt fyrir að Fimmtudagsfræðslan hafi farið úr því að vera einu sinni í viku í að vera einu sinni í mánuði frá haustinu 2012 hefur fjöldi þeirrasem hefur sótt fræðsluna í raun ekki fækkað.

Almennt má segja að fræðslufundir hafi verið vel nýttir af fagfólki innan og utan spítalans, ásamt því að Vísindadagurinn hefur verið vel sóttur.

Mörg erindi bæði af höfuðborgarsvæðinu og utan af landi, hafa borist fræðslunefnd vegna þess að ekki er hægt að senda lengur fræðsluerindi með fjarfundarbúnaði þar sem fagfólki finnst miður að geta ekki fylgst með því sem Fimmtudagsfræðsla RHLÖ hefur upp á að bjóða.

## VIII. Styrktaraðilar

Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala afhenti þann 26. maí tvo styrki til doktorsnáms við Háskóla Íslands tengda Rannsóknarstofu Landspítala og Háskóla Íslands í Öldrunarfræðum (RHLÖ). Þetta er í fjórða sinn sem Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala afhendir doktorsstyrki en styrkirnir eru til þriggja ára og eru einskorðaðir við doktorsnema á öldrunarfræðasviði þar sem úrvinnsla gagna sé unnin í húsakinnu RHLÖ.

Við mat á umsóknum eru fengnir utanaðkomandi sérfræðingar. Í ár var dómnefnd skipuð af Guðný Eiríksdóttur framkvæmdastjóri rannsókna Hjartaverndar, Steinunni Hrólfsdóttur, dósent við félagsráðgjafardeild HÍ og Aðalsteini Guðmundssyni öldrunarlækni.

Ólöf Guðný Geirsdóttir ásamt rannsóknarteymi fengu styrk fyrir verkefnið „Áhrifaþættir fyrir farsæla öldrun.“ Í umsögn dómnefndar kom fram að verkefnið muni nýta upplýsingar um fæðingarþyngd sem verður samkeyrð með völdum breytum sem tengjast lífsstíl og heilsfari úr gagnagrunni Reykjavíkur- og AGES 1 og 2 rannsóknum Hjartaverndar. Metin verða tengsl



fæðingarþyngdar og lífsstílsþátta á miðjum aldri við líkur á hjúkrunarheimilisinnlög. Verkefnið ætti að geta skilað niðurstöðum, sem bæta þekkingu á þáttum á fyrri hluta ævinnar sem hafa mögulegt forspárgildi fyrir vistun á hjúkrunarheimili.

Milan Chang Gudjonsson og Sigurveig H. Sigurðardóttir ásamt rannsóknarteymi fengu styrk fyrir verkefnið „Association of Early Life Socioeconomic Factors with Physical, Cognitive and Psychological Well-being in Old Age: AGES-Reykjavik Study“. Í umsögn dómnefndar kemur fram að verkefnið snýst um að kanna samband félagslegra þátta á miðjum aldri og lífsgæði seinna um ævina. Nýjungin í þessari rannsókn er sú að verið er að kanna félagslega þætti eins og menntun, atvinnu og húsnæði í tengslum við lífsgæði seinna á lífsleiðinni. Verkefnið er hluti af samþykktu Nordforsk verkefni, sem leitt er af Johan Frtizell í Karolinska Institut í Stokkhólmi en styrkurinn verður nýttur fyrir úrvinnslu á íslenskum hluta verkefnisins.

Styrktarsjóður Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala, sem hefur það að markmiði að stuðla að þverfaglegum öldrunarrannsóknum við RHLÖ, mun auglýsa einn doktorsnemastyrk fyrir 1. apríl 2017. Doktorsnemar eða leiðbeinendur sem eru í rannsóknum sem tengjast öldrun geta sótt um styrkina.



**Mynd 5 Ólöf Guðný Geirsdóttir, Milan Chang Guðjónsson & Jón Eyjólfur Jónsson, stjórnarmaður Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala sem styrkir doktorsnemendur í verkefnum tengd öldrun.**

## **IX. Vísindavirkni**

Sjá viðauka 6.

## **X. Viðaukar:**

1. Stofnskrá RHLÖ, endurskoðuð frá 2009
2. Dagskrá fræðslufunda RHLÖ 2016
3. Málþing og samantekt um vannæringu aldraða
4. Dagskrá og samantekt frá Vísindadegi RHLÖ 2016
5. SPRINTT rannsókn
6. Vísindavirkni 2016

# Viðauki 1 – Stofnskrá RHLÖ

## Stofnskrá um Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum

*Uppfærsla III, 26. nóvember, 2009*

1. grein  
Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) er miðstöð í öldrunarfræðum stofnuð á ári aldraðra 1999. Sérhver vísindagrein, ein sér eða í samvinnu við aðrar greinar, getur átt aðild að rannsóknarstofunni, svo fremi að viðfangsefni hennar lúti að öldrun.
2. grein  
Rannsóknarstofan er kennd við Háskóla Íslands og Landspítala og er rekin í samvinnu við öldrunarlækningadeild Landspítala (LSH) og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands. Aðsetur rannsóknarstofunnar er í húsakynnum Rannsóknarseturs Sjálfseignarstofnunar St. Jósefsspítala í Öldrunarfræðum. Landspítali greiðir stofnkostnað og rekstrarkostnað að því marki sem kveðið er á um í 8. grein stofnskrárinnar. LSH ber ábyrgð á rekstri og skuldbindingum rannsóknarstofunnar.
3. grein  
Hlutverk Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum er
  - a. að vera miðstöð rannsókna á sviði öldrunarfræða er geta tekið til heilbrigðisþátta, félagslegra þátta, fjárhagslegra þátta, og annarra þátta er tengjast lífsgæðum .
  - b. að stuðla að samvinnu fræðimanna Háskóla Íslands sem eiga það sammerkt að vinna að öldrunarrannsóknum.
  - c. að hafa áhrif á þróun kennslu í öldrunarfræðum innan Háskóla Íslands.
  - d. að skapa heimili fyrir rannsóknarverkefni á sviði öldrunar.
  - e. að stuðla að útgáfu öldrunarfræðiritra.
  - f. að hafa samvinnu við aðrar rannsóknarstofur, félög, einstaklinga og opinbera aðila, sem starfa á sviði öldrunar innanlands og utan.
  - g. að hafa forgöngu um að afla styrkja eða fjárveitinga til öldrunarrannsókna og veita upplýsingar um hugsanlega styrktaraðila.
  - h. að standa fyrir námskeiðum fyrir fagfólk í öldrunarþjónustu, sjálfstætt eða í samvinnu við aðra.
  - i. að veita fagfélögum í öldrunarmálum þjónustu eftir nánara samkomulagi
  - j. að sinna öðrum verkefnum samkvæmt ákvörðun stjórnar.
4. grein  
Stjórn rannsóknarstofunnar er skipuð sjö fulltrúum til fimm ára í senn. Skal forsvarsmáður öldrunarlækninga innan Læknadeildar Háskóla Íslands eiga sæti í stjórninni og einn fulltrúi tilnefndur af hjúkrunarfræðideild HÍ. Skal annar þeirra vera formaður stjórnar að ákvörðun heilbrigðisvísindasviðs HÍ. Framkvæmdastjórn Landspítala skipar tvo fulltrúa í stjórn og skal annar þeirra vera frá öðrum faggreinum en lækningum eða hjúkrun. Félagsvísindasvið HÍ, fagdeild Öldrunarfræðafélags Íslands og Félag íslenskra öldrunarlækna tilnefna hvert um sig einn fulltrúa í stjórn. Stjórnin velur sér ritara og skal funda hið minnsta fjórum sinnum á ári en oftast ef ástæða er til. Við ákvarðanatöku ræður einfaldur meirihluti stjórnar.
5. grein  
Stjórnin gerir starfs- og rekstraráætlanir og ræður starfsfólk til rannsóknarstofunnar svo að markmið hennar náist.

6. grein  
Rannsóknaverkefni sem unnin eru á öldrunarlækningadeild Landspítala skulu tengjast RHLÖ. Í þessu felst aðgangur að aðstöðu rannsóknarstofunnar og þeirri þjónustu og þeim stuðningi sem þar er að fá eftir nánari ákvörðun stjórnar rannsóknarstofunnar. Viðbótarkostnaður sem til fellur vegna einstakra verkefna skal borinn af viðkomandi verkefni, sbr. 7. grein. Rannsóknirnar munu koma fram í yfirliti yfir starfsemi rannsóknarstofunnar en hver rannsókn er sjálfstæð og lýtur stjórn og er á ábyrgð viðkomandi rannsakenda.

7. grein  
Rekstur rannsóknarstofunnar ákvarðast af þeim tekjum sem rannsóknarstofan aflar, en þær geta verið:

- Rekstrartekjur af einstökum rannsóknarverkefnum.
- Styrkir.
- Tekjur af útgáfustarfsemi.
- Greiðslur fyrir veitta þjónustu við fagfélög og utanaðkomandi stofnanir.
- Tekjur af námskeiðshaldi.
- Aðrar tekjur, t.d. gjafir.

Verði ráðinn starfsmaður í fast starf við rannsóknarstofuna verður hann starfsmaður öldrunarlækningadeildar Landspítala en launakostnaður greiðist sjúkrahúsinu af tekjustofnum rannsóknastofunnar. Heimilt er að ráða einstaklinga í tímabundin verkefni sem verktaka fyrir rannsóknastofuna, enda stendur rannsóknastofan straum af rekstrarkostnaði.

8. grein  
Fjármálasvið Landspítala annast bókhald og árlegt uppgjör starfseminnar og endurskoðandi sjúkrahússins yfirfer ársreikninga RHLÖ. Ársskýrsla er gerð um starfsemi rannsóknarstofunnar og birt á vef öldrunarlækningadeildar Landspítala. Landspítali leggur rannsóknarstofunni til húsgögn og tölvubúnað ásamt með almennum rekstri húsnæðisins og tölvubúnaðar. Framlög þessi eru án endurgjalds til LSH.

9. grein  
Rannsóknarstofu Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum er heimilt að nota merki LSH og Háskóla Íslands í samskiptum og á bréfsefni.

10. grein  
Stofnskrá þessi (III) öðlast gildi þegar framkvæmdastjórn Landspítala og stjórn heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands hafa samþykkt hana. Landspítali og heilbrigðisvísindasvið Háskóla Íslands geta samþykkt breytingar á stofnskrá ef báðir aðilar samþykkja breytingarnar.

11. grein  
Stjórn RHLÖ getur haft frumkvæði að endurskoðun stofnskrár þessarar ef aðstæður breytast.

Stofnskrárviðauki: yfirlit yfir framlög Landspítala til RHLÖ

## Viðauki 2 – Fræðslufundir RHLÖ



# Fræðslufundir á vegum rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum – RHLÖ

DRÖG að Vorönn 2016

Haldnir í kennslusalnum 6. hæð á Landakoti fyrsta fimmtudag hvers mánaðar kl. 14:45-15:30

7. janúar **Mjaðmabrot**  
*Sigrún Sunna Skúladóttir MS Bráðahjúkrunarfræðingur & doktorsnemi hjá RHLÖ*
4. febrúar **D- vítamín – er það mikilvægt alla ævi?**  
*Prófessor Laufey Steingrímsdóttir HÍ*
3. mars **Húðsýkingar hjá öldruðum og eftirfylgd**  
*Berglind Chu sérfræðingur í hjúkrun*
7. apríl **Ofbeldi á öldruðum**  
*Sigrún Ingvarsdóttir, félagsráðgjafi hjá Reykjavíkurborg*
27. maí **Afhending Doktorsstyrkja frá Sjálfseignarstofnun St. Jósefsspítala**  
*Kynning styrkþega*

*ATH. Ekki er hægt að senda fræðslufundi út með fjarfundarbúnaði*

# Fræðslufundir á vegum rannsóknarstofu HÍ og LSH í öldrunarfræðum – RHLÖ

Haustönn 2016

Haldnir í kennslusalnum 6. hæð á Landakoti fyrsta  
fimmtudag hvers mánaðar kl. 14:45-15:30

1. september     **Verkir: Hugræn nálgun**  
                    Þóra Hjartardóttir, teymisstjóri verkjasviðs Reykjalundi
6. október        **Málþing um Vannæringu aldraðra**  
                    Háskólatorg kl.13-16
- 28.október       **Vísindadagur RHLÖ**  
                    **Þjónusta við aldraða – í nútíð og framtíð**  
                    Hringsalur LSH kl. 13-16
- 3.nóvember       **Sýkingar aldraðra**  
                    Þóhildur Kristinsdóttir, öldrunarlæknir
- 1.desember       **Music therapy fyrir aldraða**  
                    Jóna Þórsdóttir, tónlistarmeðferðarfræðingur

*ATH. Ekki er hægt að senda fræðslufundi út með fjarfundarbúnaði*

# Viðauki 3 - Málþing RHLÖ

MÁLSTOFA

## NÆRING

– er það eitthvað sem skiptir aldraða máli?

Gott næringarástand er undirstaða heilbrigðis hjá öllum einstaklingum. Rannsóknir bæði hér á landi og erlendis, hafa ítrekað sýnt að aldraðir eru viðkvæmur hópur og vannæring aldraðra algeng.

Hvað þarf að gera til að bæta næringarástand hjá öldruðum einstaklingum á Íslandi?

### FUNDARSTJÓRI:

**Sigrún Barkadóttir**, svæðisstjóri heimahjúkrunar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ

### FYRIRLESARAR:

**Inga Þórsdóttir**, forseti heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands

**Anne Marie Beck**, dósent í næringarfræði við Metropolitan University College og sérfræðingur á sviði næringar og öldrunar

**Ólöf Guðný Geirsdóttir**, dósent í næringarfræði við HÍ, verkefnastjóri við RHLÖ

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**, deildarstjóri á bráðaöldrunarlækingadeild LSH


### UMRÆÐUR:

Þegar fyrirlesarar hafa lokið máli sínu munu fara fram umræður milli þátttakenda í litlum hópum.

**SKRÁNINGARFRESTUR  
ER TIL 1. OKTÓBER 2016**

**SMELLTU HÉR  
TIL AÐ SKRÁ ÞIG**

**AÐGANGUR  
ÓKEYPIS**



### HVAR?

Háskólatorg Háskóla Íslands

### HVENÆR?

6. október 2016  
Kl. 12:30 – 16:30

### FYRIR HVERJA?

Lækna, næringarfræðinga, hjúkrunarfræðinga, sjúkraliða og alla sem hafa áhuga



Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og  
Landsspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ)  
Rannsóknarstofa í næringarfræði



# Samantekt um málþing um vannæringu aldraðra 6. október 2016

„Næring - er það eitthvað sem skiptir aldraða máli?“ var yfirskrift málþings sem Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum (RHLÖ) og Rannsóknarstofu í næringarfræði (RÍN) stóðu fyrir 6. október 2016. Meira en 130 manns sóttu málþingið sem haldið var á Háskólatorgi. Fundarstjóri var Sigrún Barkardóttir, svæðisstjóri heimahjúkrunar í Hafnarfirði, Kópavogi og Garðabæ.



Rannsóknarstofa Háskóla Íslands og Landspítala í öldrunarfræðum tók eftirfarandi saman um málþingið:

## **Fyrirlesarar:**

**Inga Þórsdóttir**, forseti Heilbrigðisvísindasviðs Háskóla Íslands, ræddi um mikilvægi samvinnu allra fagstétta, samfellu í allri vinnu fyrir einstaklinginn og skyldu okkar heilbrigðisstarfsmanna að fara eftir og nota ráðleggingar frá Landlæknisembættinu í okkar vinnu. Vannæring aldraðra er flókið vandamál sem ekki væri hægt að leysa nema með vilja og samvinnu allra aðila, sem koma að hinum aldraða einstakling.



**Anne Marie Beck**, dósent í næringarfræði við Metropolitan University College í Danmörku og sérfræðingur á sviði næringar og öldrunar, fór yfir hverjir eru vannærðir, hvaða er það í okkar vinnu sem við getum breytt til að tryggja að aldraðir geti nærst. Einnig sýndi hún niðurstöður rannsókna sem hafa sýnt hvað er hægt að gera til eins og að orku- og næringarþetta fæðið, hafa matinn á viðráðanlegu formi og ekki sýst að maturinn væri gírnilegur til að fyrirbyggja vannæringu aldraðra.



Lagði hún mikla áherslu á að almennar ráðleggingar um mat og næringu fyrir heilbrigða giltu ekki fyrir aldraða veika, það er á ábyrgð allra starfsstétta sem koma að veikum öldruðum einstaklinga að hlúa að honum og tryggja grunnþarfir eins og fæðuöryggi, mat og næringu. Rannsóknir hafa sýnt að vannæring er mjög kostnaðarsöm fyrir heilbrigðiskerfið því þetta eru þeir einstaklingar sem liggja lengur inni á sjúkrahöfnum, endurinnlagnir á sjúkrahöfnum eru algengari en afleiðingar vannæringar á einstaklinginn sjálfann væru mjög alvarlegar. Þar sem bæði andleg- og líkamleg færni hrakar fyrir hjá vannærðum einstaklingum og þetta eru þeir einstaklingar sem deyja fyrir. Auk þess sýndi hún fram á sparnað hvað varðar lengd sjúkrahúslegu, endurinnlagnir og ekki síður hvað varðar aukin lífsgæði aldraðra einstaklinga sem fengu heimsókn næringarráðgjafa sem vann með heimþjónustunni til að tryggja bætt næringarástand eða að viðhalda heilbrigðu næringarástandi. Mikilvægt sé að koma í veg fyrir vannæringu og meðhöndla alla sem eru í áhættu á vannæringu ekki aðeins þá sem eru vannærðir.

**Ólöf Guðný Geirsdóttir**, dósent í næringarfræði við HÍ, verkefnastjóri við RHLÖ, lagði fram niðurstöður íslenskra rannsókna sem sýndu tíðni vannæringar meðal veikra aldraðra á sjúkrahöfnum. Ný rannsókn frá 2015/2016 sýnir að 33% af innliggjandi öldruðum á Landakoti, hafa sterkar líkur á vannæringu og önnur 33% sem hafa ákveðnar líkur á vannæringu samkvæmt skimun fyrir vannæringu. Þegar heim er komið er lítið stuðningsnet fyrir fagfólk og umönnunaraðila hvað varðar viðbrögð þegar grunur er um vannæringu eða vannæring er til

staðar. Engar leiðbeiningar eru til á Íslandi um mataræði eða næringu veikra aldraðra. Einnig eru fá úrræði fyrir þá sem vilja grípa inn í lélegt næringarástand og hjálpa einstaklingnum til að fyrirbyggja vannæringu eða að byggja sig upp. T.d. er enginn næringarfræðingur í heimaþjónustu eða á heilsugæslu, heimsendur matur er miðaður við þarfir heilbrigðra aldraðra og viðmið Sjúkratrygginga Íslands (SÍ) miðast ekki við alþjóðlega viðurkennda staðla um viðmið um líkamsþyngdarstuðul eða þyngdartap aldraðra til að eiga rétt á niðurgreiðslu á næringardrykkjum. Skilyrði SÍ eru þannig í dag að þeir sem fullnægja skilyrðum eru orðnir það vannærðir að erfitt er að hjálpa þeim, ekki er hægt samkvæmt viðmiðunum SÍ að koma í veg fyrir eða grípa inn í þegar aldraður einstaklingur verður veikur og er í hættu á vannæringu.

**Ragnheiður Guðmundsdóttir**, deildarstjóri á B4, bráðaöldrunarlækningadeild LSH, sagði frá þeim áskorunum sem starfsfólk stendur frammi fyrir daglega hvað varðar næringu aldraðra, fjölveikra skjólstaðinga á deild. Ragnheiður sagði frá STREYMA, samræmdum stofugangi þar sem unnið er eftir gátlista til að vinnulag sé markvisst og samræmt á Landspítala. Þar eru metnir daglega fjölmargir þættir sem tengjast næringu og vellíðan sjúklings á einn eða annan hátt. Hún sýndi matarskema deildarinnar sem starfsmenn í býtibúri vinna eftir til að tryggja að hver og einn fái rétta næringu, hver sé á vökvaskrá, fastandi eða á sérþæði. Þar fær starfsfólk yfirsýn yfir skilgreiningar á mismunandi fæði sjúklinga og áferð þess, auk mismunandi tegunda næringardrykkja og hverjum þeir eru ætlaðir. Markmiðið er að tryggja að næring og næringarástand sjúklinga á B-4 sé í stöðugri skoðun.

Í æ ríkara mæli er skimað fyrir vannæringu sjúklinga. Hæð og þyngd er varpað í næringarmat og skoðað hvort og hve mikið viðkomandi hefur lést yfir ákveðinn tíma og áhættuþættir metnir. Þá er sett fram hjúkrunargreining og meðferð hjá þeim sjúklingum sem eru í hættu á vannæringu. Næring veikra aldraðra er mikil áskorun - og margir sem koma að því á hverjum degi. Á deildum spítalans er þetta samvinnuverkefni sjúkraliða, hjúkrunarfræðinga og starfsfólks í býtibúri og eru sjúkraliðar LSH þar fremstir meðal jafningja. Ragnheiður benti jafnframt á að við útskrift geta helstu áskoranir við heimferð verið tengdar mat og innkaupum aldraðra, sérstaklega þeirra sem hafa lítið stuðningsnet í kringum sig.

### ***Hver vinnuhópur lagði fram ályktun og eru hér nokkur áhersluatriði:***

Allir þátttakendur voru sammála því að gott næringarástand væri undirstaða heilbrigðis hjá öllum einstaklingum. Samkvæmt rannsóknnum bæði hér á landi og erlendis sem kynntar voru á málþinginu, hefur verið ítrekað sýnt að aldraðir eru viðkvæmur hópur og vannæring aldraðra er algeng því sé mikilvægt að allir taki höndum saman heilbrigðisstarfsmenn, ættingjar og einstaklingarnir sjálfir til að vinna gegn vannæringu aldraðra.

Fæðuöryggi veikra aldraðra væri ekki tryggt og samstarf allra aðila, ríkis, sveitafélaga, heilbrigðisstarfsmanna og aðstandenda að tryggja að aldraður einstaklingur verði ekki vannærður. Mikilvægt væri að allir legðu saman sína reynslu og þekkingu til að tryggja fæðuöryggi aldraðra einstaklinga og settar yrðu verklagsreglur um ábyrgð og vinnufyrirkomulag heilbrigðisstarfsmanna til að tryggja fæðuöryggi.

Mikilvægt væri að taka stöðuna hvað varðar tíðni vannæringar aldraðra t.d. í heimahúsum, þau úrræði sem eru í boði og hverjum þau nýtast. Mikilvægt væri að gera rannsóknir sem sýndu hvort að breyttir starfshættir þ.e.a.s. að tryggja betur fæðuöryggi og næringarástand aldraðra muni borga sig, ekki aðeins fjárhagslega fyrir samfélagið heldur fyrst og fremst fyrir einstaklinginn sjálfan.

- Kallað var eftir lausnamiðuðum ráðleggingum um mat og næringu veikra aldraðra, fræðsluefni og kennslu um mikilvægi heilbrigðs næringarástands, bæði fyrir fagfólk og aðstandendur.
- Kallað var eftir að ráðleggingar um einstaka sjúkdóma og næringarþarfir aldraðra séu á útvef LSH til upplýsinga fyrir fagfólk annarstaðar í heilbrigðiskerfinu og ekki síður fyrir einstaklingana sjálfa og aðstandendur.
- Tryggja verður betri mönnun á heilbrigðisstofnunum og í heimahjúkrun, fá fagfólk eins og næringarráðgjafa til að aðstoða við úrlaus næringarvandamála.

- Kallað er eftir því að næringaráætlun sem unnið er eftir inn á heilbrigðisstofnun fylgi ekki aðeins einstaklingnum heim heldur sé einnig sé mögulegt að framfylgja þeirri áætlun heima sbr. næringarþétt fæði, breytt áferð, sérfæði vegna sjúkdóma og/eða næringarviðbót eins og næringardrykkir.
- Mikilvægt er að fjölga valkostum um heimsendan mat, bæði hvað varðar fjölbreytni, áferð og ekki síður að sérfæði eins orku- og næringarþétt fæði eða vegna ákveðinna sjúkdóma sé í boði fyrir alla sem þurfa að fá heimsendan mat.

Sigrún Barkardóttir  
Ragnheiður Guðmundsdóttir  
Ólöf Guðný Geirsdóttir



**Mynd 6 Inga Þórsdóttir, Sigrún Barkardóttir, Ólöf Guðný Geirsdóttir, Bryndís Elfa Gunnarsdóttir (IcePharma), Ragnheiður Guðmundsdóttir & Anne Marie Beck**

## Viðauki 4 - Vísindadagur RHLÖ

# Vísindadagur RHLÖ 2016 Öldrunarþjónusta – frá Landspítala og heim

Föstudaginn 28. október 2016 í Hringsal LSH við  
Hringbraut

**13:15- Setning Vísindadags**

Guðlaug Þórsdóttir, sérfræðingur í öldrunarlækningum

**13:20- Nýjungar í öldrunarþjónustu á LSH**

13:20 *Bráðamóttaka* - Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir

13:40 *Greiningarmóttakan* - Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir

**14:00- Kaffihlé**

**14:20 Öldrunarþjónustan heim**

14:20 *Heimahljúkrun sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu* - Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis

14:40 *Heimahljúkrun í Reykjavík* - Margrét Guðnadóttir, teymisstjóri heimahljúkrunar, Þjónustumiðstöð Laugardals og Háaleitis

15:00 *Heimahljónusta í Reykjavík* - Sigrún Ingvarsdóttir deildarstjóri þjónustumiðstöð Laugardal og Háaleiti

15:20 *Félagsleg heimahljónusta í Kópavogi*- Anna Klara Georgsdóttir, deildarstjóri á velferðarsviði Kópavogsbæjar

**15:40 Pallborðsumræður**

**16:05 Vísindadegi slitið**

**Fundarstjóri:** Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldraða

**Vísindadagurinn verður sendur út í gegnum** <https://meet.lsh.is/hringsalur/ELC42XTA>

Hægt er að opna fjarfundinn í öllum sölum spítalans með því að tvísmella á möppuna "Fjarfundir" á skjáborðinu, og þar á möppu með sama heiti og salurinn sem fundurinn er haldinn í. Því næst er tvísmellt á réttan fjarfund og mun fjarfundurinn þá opnast.

## Aðgangur ókeypis

**Fræðslunefnd RHLÖ:**

Guðlaug Þórsdóttir formaður

Guðrún Dóra Guðmannsdóttir

Jón Eyjólfur Jónsson

Ása Guðmundsdóttir

Ásta Guðmundsdóttir



## Samantekt frá Vísindadegi RHLÖ

Vel heppnaður Vísindadagur RHLÖ – 28. október 2016 í Hringsal LSH

Vísindadagur RHLÖ í ár hafði yfirskriftina „Öldrunarþjónusta – frá Landspítala og heim“ en fræðslunefnd RHLÖ ákvað að leggja áherslu á nýjungar í öldrunarþjónustu innan LSH og þau úrræði sem boðið er upp á við útskrift af öldrunardeild innan sveitafélagana á höfuðborgarsvæðinu.

Guðlaug Þórsdóttir, sérfræðingur í öldrunarlækningum setti daginn og Guðrún Dóra Guðmannsdóttir, sérfræðingur í hjúkrun aldra var fundarstjóri.

Dagskrá Vísindadagsins var eftirfarandi:

13:20– Nýjungar í öldrunarþjónustu á LSH

13:20 Bráðamóttaka – Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir

13:40 Greiningarmóttakan – Anna Björg Jónsdóttir öldrunarlæknir

14:20 Öldrunarþjónustan heim

14:20 Heimahjúkrun sveitafélaganna á höfuðborgarsvæðinu – Þórunn Ólafsdóttir, hjúkrunarforstjóri Heilsugæslu höfuðborgarsvæðis

